

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um þjónustu mötuneyta dags. 13. september 2018

Á fundi borgarráðs þann 13. september 2018 var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins ásamt greinargerð:

Að borgin skilgreini þjónustusamninga mötuneyta Reykjavíkurborgar og bjóði rekstur þeirra út.

Með bréfi dags. 4. október sl. var óskað eftir umsögn skrifstofu borgarstjóra og borgarritara um tillöguna.

Í kjölfarið, þann 12. október, óskaði skrifstofa borgarstjóra og borgarritara eftir umsögn um tillöguna frá skrifstofu þjónustu og reksturs. Umsögn skrifstofustjóra skrifstofu þjónustu og reksturs er hér hjálögð.

Helga Björg Ragnarsdóttir
skrifstofustjóri

Hjálagt:

Umsögn skrifstofustjóra skrifstofu þjónustu og reksturs, dags. 19. október 2018.

UMSÖGN

Viðtakandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Sendandi: Skrifstofa þjónustu og reksturs

Umsögn skrifstofu þjónustu og reksturs um tillögu áheyrnafulltrúa flokks fólksins um þjónustu mótuneyta

Þegar kemur að framleiðslu og framreiðslu máltíða er í mörg horn að líta og að fenginni reynslu má segja að erfitt sé að finna eða leggja til eitt vinnulag eða eina aðferð sem henti öllum aðstæðum. Það má líka færa fyrir því rök að það sé nokkuð ákveðin fylgni á milli gæða og kostnaðar við hverja framleidda máltíð þó að þar sé hvorki um algilt né línulegt samband að ræða. Rétt er að benda á nýlega samþykktu matarstefnu Reykjavíkurborgar en þar má finna spennandi sýn og leiðbeiningu um ýmsa þætti sem gott er að hafa í huga þegar teknar eru ákvarðanir um fyrirkomulag matar- eða mótuneytisþjónustu.

Svo aftur sé vísað í fengna reynslu má segja að það sé ekki endilega ávísun á betri gæði eða aukið hagræði að búa til algilda reglu um hvernig rekstri allra mótuneyta borgarinnar sé háttað. Tekið er undir að æskilegt sé að skilgreina þjónustusamninga eða þjónustumarkmið fyrir öll mótuneyti og er þá aftur bent á áður nefnda matarstefnu sem ákveðið grundvallaplagg en einnig má vísa í þjónustustefnu borgarinnar í því sambandi. Varðandi rekstur eða rekstrarform er frekar er mælt með því að í hverju tilfelli sé skoðað hvernig best og hagkvæmast sé að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í viðkomandi þjónustusamningi en það kann að vera misjafnt eftir aðstæðum á hverjum vinnustað, aðstæðum á markaði og ástandi á vinnumarkaði svo eitthvað sé nefnt. Því er líka nauðsynlegt að rekstrarform sé ekki stýrandi þáttur við ákvarðanatöku heldur frekar markmið um hvernig unnt er að ná sem mestum heildarárangri þegar litið er til samspils gæða og verðs. Þá má einnig benda á að nauðsynlegt er að skoða reglulega hvort það fyrirkomulag sem viðhaft er við rekstur einstakra mótuneyta sé endilega það sem best sé hverju sinni. Í síðbreytilegu þjóðfélagi með virkum markaði geta aðstæður nefnilega breyst á þann veg að betri árangri sé hægt að ná með því að breyta rekstrarformi.

Skrifstofa þjónustu og reksturs rekur mótuneyti stjórnsýsluhúsa og hafa þau bæði verið rekin á þann veg að starfsmenn skrifstofunnar sáu um reksturinn og svo nú í seinni tíð af verktaka að undangengnu innkaupaferli. Segja má að bæði sé góð og síður góð reynsla að hvoru rekstrarforminu fyrir sig. Fyrir því eru ýmsar ástæður og þar hafa haft áhrif þeir þættir er tíundaðir voru hér að framan, þ.e. atvinnuástand, fjárframlög til rekstursins og fjöldi aðila á markaði er höfðu burði til að bjóða í þjónustuna svo eitthvað sé nefnt.

Það er því verðugt markmið að skilgreina gæði og þjónustumarkmið mótuneyta með það fyrir augum að auka gæðin en bent er á að það er ekki endilega heppilegt að ákvarða eitt rekstrarform er gildi fyrir öll mótuneyti borgarinnar.

Óskar J. Sandholt
Skrifstofustjóri